

Greinargerð með ársreikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2020

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2020 er lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 28. apríl 2021. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn 12. maí n.k.

Inngangur

Árið 2020 markaðist af heimsfaraldri Covid-19 og merki þess sjást greinilega í rekstri sveitarfélaga eins og annarsstaðar. Bein neikvæð áhrif á rekstur Árborgar 2020 sem rekja má til Covid-19 nema að lágmarki um 460 milljónum króna.

Neikvæð bein rekstrarárf Covid-19

Jöfnunarsjóður, lækkun framlaga	184,6
Útsvarstekjur, lækkun v/atvinnuleysis	80,0
Laun, sóttkví og veikindi - óljóst	17,0
Félagsþjónusta	70,0
Tekjufall rekstrareininga	36,9
Covid átak - sumarstarfsmenn	10,5
Umframaukning í unglingsvinnu v/Covid	35,0
Covid-áttak - íþróttá-/tómstundastyrkir	9,0
Annar kostnaður, ýmis útgjöld	20,0
Alls vegna Covid-19	463,0

Halli á samstæðureikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2020 er alls 578 milljónir króna. Hægt er að rekja að lágmarki 460 m.kr. til heimsfaraldurs Covid-19 og 200 m.kr. til óvenjulegrar hækkunar í fjármagnsliðum. Án ofangreindra áfalla hefði orðið afgangur af rekstri samstæðu Svf. Árborgar upp á nærri 100 milljónir króna.

Fjármagnsliðir hækka um 306 milljónir króna milli árána 2019 og 2020. Skýrist það helst af aukinni verðbólgu og hækkunum á launamarkaði sem hækka lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins um 200 m.kr. Neysluverðsvísitala hækkaði um 4,3% árið 2020 en 1,7% árið 2019. Launavísitala hækkaði um 10,3% árið 2020 samanborið við 4,9% árið 2019.

Fjárfestingar námu um 2.600 milljónum króna árið 2020 en voru 1.635 m.kr. árið 2019 og 1.900 milljónir árið 2018. Þær voru þó um 400 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Skuldahlutfall hefur aukist umtalsvert á árinu 2020 vegna mikilla fjárfestinga og er skuldaviðmið skv. reglugerð nú komið í 137% en var 118% árið áður.

Veltufé frá rekstri lækkaði um 500 m.kr. milli ára og var um 580 milljónir árið 2020. Veltufé frá rekstri er um 5,2% af heildartekjum, sem getur ekki talist viðunandi og skýrist að mestu af þeim áhrifum sem Covid-19 hafði á reksturinn. Handbært fé frá rekstri var 687 m.kr.

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020

Fjárhagsáætlun gerði upphaflega ráð fyrir afgangi upp á 213 milljónir en var breytt með viðaukum ársins eins og sveitarstjórnarlög kveða á um, en þar segir: „Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina.“ Alls voru færðir 9 viðaukar við fjárhagsáætlun 2020 sem leiddi til aukningar rekstrarhalla um alls 395,6 milljónir króna.

Mismun á fjárheimildum og niðurstöðu ársreiknings má skýra með því að fjármagnsliðir reyndust vera 400 m.kr. umfram áætlun. Eins og áður segir skýrast um 300 m.kr. af því vegna þróunar verðlags og launa. Þær 100 m.kr. sem þarna munar í áætlun má rekja til meðhöndlunar áætlunarlíkans á lántökum og verður ráðin bót á því fyrir næstu fjárhagsáætlanagerð.

Covid-19 var orsök um 245,5 milljóna í þessum viðaukaákvörðunum og þar af voru um 185 m.kr. vegna aðgerða ríkisins og Jöfnunarsjóðs. Ef frá eru taldir viðaukar sem stöfuðu af Covid-19 þá voru viðaukar vegna sérstakra ákvarðana bæjarstjórnar um 14,1 milljón króna auk þess sem fallið var frá sölu lóða vegna þéttingar byggðar upp á kr. 100,0 m.kr. Aðrir viðaukar ársins juku halla í áætlun um 36 m.kr. Ófyrirséð og óumflýjanlegt var nettó kr. 14,4 m.kr. og leiðrétt mistök í vinnslu fjárhagsáætlunar 21,6 m.kr

Yfirlit yfir helstu rekstrarviðauka við fjárhagsáætlun 2020

V-4	Tekjufall Covid-19 Jöfnunarsjóður	91,6
V-7	Tekjufall Covid-19 Jöfnunarsjóður	93,0
	Jöfnunarsjóður lækkun vegna Covid-19	184,6
V-2	Tekjufall Covid-19 leikskólar	15,6
V-2	Tekjufall Covid-19 frístund	6,8
V-2	Tekjufall Covid-19 sundhöll	8,4
V-2	Covid – sumarstarfsmenn	15,0
V-9	Tekjufall Covid-19 Sundhöll	6,1
V-9	Útgjöld Covid-19 íþrótt-/tómstundastyrkir	9,0
	Rekstrarviðaukar vegna Covid-19	60,9
	Alls viðaukar vegna Covid-19	245,5
V-1	Þjónustufulltrúi	3,5
V-2	Úttekt á fjárfestingum	5,0
V-3	Framfaravogin	1,8
V-6	Tónlistarskóli Árnesinga húsaleiga	2,3
V-9	Hækkun jólagjafa	1,5
V-9	Tekjur þétting byggðar, hætt við úthlutun	100,0
	Nýjar ákvarðanir með viðaukum	114,1

Fjármálasvið

V-2	Greiðslur vegna dómsmáls	26,0
V-8	Bótageiðslur vegna dómsmáls	3,0
V-4	Aukin framlög Jöfnunarsjóður, grunnskóli	-26,3
V-4	Lækkuð framlög Jöfnunarsjóður, fasteignaskattur	11,7
Ófyrirséður kostnaður - viðaukar		14,4
V-2	04 Lr. kaffistofur Sunnulæk	1,7
V-7	04 Fsu leiðrétt húsnæðismál	12,0
V-2	06 Lr. kaffistofur	0,2
V-7	06 Leiðrétt því ekki var klórframleiðsla	3,5
V-9	06 Ofáætluð leiga Iðu	-23,0
V-9	06 Lr. laun Sundhöll	12,5
V-4	77 Selfossveitur, leiga Ósabatna og Oddgeirshóla	14,7
Leiðréttingar á áætlun með viðaukum:		21,6
Alls viðaukar 2020		395,6

Rekstur ársins 2020

Samstæðureikningur Sveitarfélagsins Árborgar samanstendur af A-hluta og B-hluta.

Í A-hluta eru :

- Aðalsjóður
- Eignasjóður
- Þjónustustöð
- Fasteignafélag Árborgar
- Verktækni ehf.

Í B-hluta eru :

- Byggingarsjóður aldraðra
- Fráveita
- Vatnsveita
- Selfossveitur
- Sandvíkursetur ehf.

Meginreglan er sú að í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Rekstrareiningar í B-hluta hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum.

Fjármálasvið

Helstu niðurstöður rekstrar eru :

Í þús.kr.	A-hluti			A- og B-hluti		
	2020	Áætlun	Mismunur	2020	Áætlun	Mismunur
Rekstrartekjur	9.666.866	9.521.197	145.669	11.090.400	11.124.065	(33.665)
Rekstrargjöld	9.661.028	9.404.200	256.828	10.180.949	10.245.290	(64.341)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	5.839	116.997	(111.158)	909.451	878.775	30.676
Afskriftir	(353.826)	(376.662)	22.836	(562.723)	(557.044)	(5.679)
Niðurstaða án fjármagnsliða	(347.987)	(259.665)	(88.322)	346.729	321.731	24.998
Fjármagnsliðir, nettó	(601.426)	(195.192)	(406.234)	(907.276)	(504.292)	(402.984)
Rekstrarniðurstaða fyrir reiknaðan tekjuskatt	(949.414)	(454.857)	(494.557)	(560.547)	(182.561)	(377.986)
Reiknaður tekjuskattur	0	0	0	(17.975)	(12)	(17.963)
Rekstrarniðurstaða	(949.414)	(454.857)	(494.557)	(578.523)	(182.573)	(395.950)

Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta er neikvæð um 578,5 millj.kr. sem er 396 millj.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildartekjur eru 11.090 millj.kr. og heildarútgjöld með afskriftum en án fjármagnsliða 10.744 millj.kr. Að öllu samanlögðu nema heildarútgjöld með afskriftum án fjármagnsliða 96,8 % af heildartekjum A- og B-hluta ársreiknings.

Fræðslu- og uppeldismál er umfangsmesti málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins, tekur til sín 5.228 millj.kr. Sveitarfélagið Árborg er stór vinnuveitandi og greiðir 6.450 millj.kr. í laun og launatengd gjöld.

Frávik frá fjárhagsáætlun

Hér verður gerð grein fyrir ýmsum frávikum frá fjárhagsáætlun. Á heildina litið hefur framkvæmd fjárhagsáætlunar tekist betur en nokkru sinni þó frávik séu í einstaka málaflokkum. Viðaukar hafa verið gerðir fyrir breytingum frá upphaflegum rekstri sem orðið hafa, utan þess að útlagður kostnaður vegna veikinda, og í einhverjum tilfellum vegna mönnunar í Covid, var ekki innifalinn í upphaflegri fjárhagsáætlun og myndar því frávik. Auk þess er mikið frávik í fjármagnskostnaði sem að einhverju leyti má gera betur í næstu fjárhagsáætlun en að miklu leyti stafar af ófyrirséðri þróun í efnahagsmálum.

Frávik í fjármagnskostnaði samstæðu eru töluverð og má rekja þau til nokkurra liða. Verðbætur af lífeyrisskuldbindingum og langtímalánum voru reyndust verulegar, þar sem vísitölur neysluverðs og lífeyrisskuldbindinga hækkðu meira en áætlun gerði ráð fyrir á árinu. Í áætlunarlíkani eru vextir og verðbætur af nýjum lánum reiknaðar í 6 mánuði burtséð frá því hvenær lánið er tekið.

Fjármálasvið

Jákvæð frávik eru í eftirfarandi málaflokkum : skatttekjum, menningarmálum, hreinlætismálum, umferðar- og samgöngumálum, umhverfismálum, atvinnumálum og breytingu lífeyrisskuldbindinga. Samtals eru þessir málaflokkar 283,6 millj.kr. undir áætlun.

Þeir málaflokkar í aðalsjóði sem eru með neikvæð frávik eru eftirfarandi : félagsþjónusta, fræðslu- og uppeldismál, íþróttá- og æskulýðsmál, brunavarnir og almannavarnir, skipulags- og byggingarmál og sameiginlegur kostnaður. Samtals eru þessir málaflokkar 399 millj.kr. yfir áætlun. Stærsta frávikið er í fræðslu- og uppeldismálum sem er langstærsti málaflokkur sveitarfélagsins.

Neikvæð frávik fjármagnsliða aðalsjóðs eru 272 millj.kr. sem má að stórum hluta rekja til verðbóta af lífeyrisskuldbindingum og langtímalánnum.

Afkoma A-hluta stofnana er 106 millj.kr. óhagstæðari en áætlun gerir ráð fyrir. Afkoma Eignasjóðs er óhagstæðari en áætlun sem nemur 44 millj.kr. Afkoma Þjónustustöðvar er 40 millj.kr. lakari en áætlun, afkoma Fasteignafélags Árborgar er 16 millj.kr. óhagstæðari en áætlun og afkoma Verktækni ehf. 6,6 millj.kr. lakari en áætlun gerir ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um 949,4 millj.kr. sem er 495 millj.kr. óhagstæðari afkoma en áætlun gerir ráð fyrir.

Frávik B-hluta félaga eru hagstæð um 98,6 millj.kr. Frávik í Byggingarsjóði aldraðra eru hagstæð um 15,2 millj.kr. Fráveita er með hagstæð frávik upp á 37,5 millj.kr. Frávik Vatnsveitu eru hagstæð sem nemur 42,5 millj.kr. Selfossveitur sýna betri afkomu en áætlun sem nemur 2,9 millj.kr. Sandvíkursetur ehf. er með hagstæð frávik upp á 387 þús.kr.

Efnahagsreikningur 31.12.2020

Samanteknar niðurstöður efnahagsreiknings birtast í töflunni hér að neðan :

Í þús.kr.	A-hluti		A- og B-hluti	
	2020	2019	2020	2019
Eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	13.228.030	11.797.935	18.479.730	16.442.082
Áhættufjármunir og langtímakröfur	960.304	980.679	844.845	891.399
Veltufjármunir	2.596.959	2.448.487	1.860.414	1.435.337
Eignir samtals	16.785.293	15.227.102	21.184.989	18.768.818
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	1.647.453	2.596.907	4.905.470	5.484.032
Lífeyrisskuldbindingar	2.103.677	1.977.115	2.477.091	2.327.511
Langtímaskuldir	9.284.073	7.413.580	11.006.157	8.678.893
Skammtímaskuldir	3.750.090	3.239.501	2.796.271	2.278.381
Skuldir og skuldb. samtals	15.137.840	12.630.195	16.279.518	13.284.786
Eigið fé og skuldir samtals	16.785.293	15.227.102	21.184.989	18.768.818

Fjármálasvið

Sjóðstreymi ársins 2020

Í þús.kr.	A-hluti		A- og B-hluti	
	2020	Áætlun	2020	Áætlun
Niðurstaða ársins	(949.414)	(454.857)	(578.523)	(182.573)
Veltufé frá rekstri	(323.174)	69.496	582.425	804.157
Handbært fé frá rekstri	(379.648)	69.496	686.913	804.157
Fjárfestingarhreyfingar	(1.678.325)	(2.068.003)	(2.494.774)	2.977.003
Fjármögnunarhreyfingar	2.079.035	1.950.776	1.857.561	2.190.401
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	21.063	(47.732)	49.700	17.555

Lykiltölur

Í hlutfalli við rekstrartekjur :	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2020	Áætlun	2020	Áætlun
Laun og launatengd gjöld	64,3%	61,8%	58,2%	54,9%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	0,4%	1,1%	0,5%	1,0%
Annar rekstrarkostnaður	35,2%	36,0%	33,2%	36,2%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	0,1%	1,2%	8,2%	7,9%
Afskriftir	3,7%	4,0%	5,1%	5,0%
Fjármagnsliðir	6,2%	2,1%	8,3%	4,5%
Rekstrarniðurstaða	-9,8%	-4,8%	-5,2%	-1,6%
Hreint veltufé frá rekstri	-3,3%	0,7%	5,3%	7,2%
Á fbúa, í þús.kr. :				
Skatttekjur	796	775	794	772
Aðrar tekjur	131	123	270	277
Laun og launatengd gjöld	-600	-564	-623	-587
Annar rekstrarkostnaður	-326	-323	-353	-380
Afskriftir	-34	-36	-54	-53
Fjármagnsliðir	-58	-18	-89	-48
Rekstrarniðurstaða	-91	-43	-55	-17
Aðrar lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	0,7	0,7	0,7	0,6
Skuldahlutfall	156,6%	157,2%	146,8%	146,1%
Skuldahlutfall skv. reglugerð 502/2012	145,4%	145,9%	136,9%	136,2%

Fjárfestingar

Fjárfestingar ársins námu alls 2.604,6 millj.kr. sem skiptast þannig: fasteignir og lóðir 1.953,3 millj.kr., veitu- og gatnakerfi 555,9 millj.kr. og bifreiðar, vélar, áhöld og tæki 95 millj.kr.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið

Skuldahlutfall samantekinna reikningsskila nemur 146,8% í árslok 2020 samanborið við 129,1% í árslok 2019. Útreikningur skv. reglugerð 502/2012 gefur skuldaviðmið 136,9% í árslok 2020 samanborið við 118,3% í árslok 2019.

Framtíðarsýn, staða og horfur

Framkvæmdir og fjárfestingar á vegum Sveitarfélagsins Árborgar hafa verið miklar að undanfögnu og horfur eru á að svo verði áfram. Mikil fjölgun íbúa kallar á að fjárfest sé í skólahúsnæði og íþróttaaðstöðu en einnig er fyrirliggjandi að fara í framkvæmdir við hreinsun skólps og hefur mikil vinna farið í undirbúning þess viðamikla verkefnis á undanfögnu árum. Á árinu 2020 var samþykkt metnaðarfull og vönduð umhverfisstefna sem verður mikilvægt leiðarljós í átt að aukinni sjálfbærni og umhverfisgæðum.

Fjölskyldan í fyrirrúmi

Sveitarfélagið Árborg hefur haft aukna þjónustu við fjölskyldur að markmiði. Í þeim efnum er lögð sérstök áherslu á börn og velferð þeirra. Samþætt þjónusta við hvert barn er þar í fyrirrúmi, þannig að kerfi tali saman og taki heildstætt á hverjum þeim vanda barnsins sem upp kann að koma. Áherslur sveitarfélagsins í félagsþjónustu eru á vald- og heilsueflingu einstaklingsins, þannig að hann geti óhindraður nýtt sína styrkleika í eigin þágu og til hagsbóta fyrir samfélagið. Þessi verkefni, og fleiri, hefur Svf. Árborg unnið í samstarfi við ráðuneytin og er þar í fararbroddi með fleiri sveitarfélögum. Svf. Árborg leggur einnig áherslu á að auka aðgengi að leikskólum þannig að fleiri börn fái inni og fyrr en verið hefur.

Vöxtur og uppbygging

Árið 2020 var áfram unnið að því að greiða fyrir frekari uppbyggingu í Árborg, með skipulagsvinnu, gatnagerð og uppbyggingu innviða. Þessi stórmál eru nú komin í mjög gott horf en engu að síður leiddi takmarkað lóðaframboð undanfarinna ára til þess að íbúafjöldun ársins varð „ekki meiri“ en 4% á árinu 2020. Nú þykir augljóst af fyrirætlunum byggingaverktaka og eftirspurn á íbúðamarkaði að fjölgun verði um 7% á árinu 2021 og 10-11% árlega eftir það, a.m.k. næstu tvö árin. Miklar byggingarframkvæmdir standa yfir í Árborg og munu halda áfram, bæði á íbúðamarkaði og í öðrum stórverkefnum þar sem vert er að nefna nýjan miðbæ á vegum Sigtúns þróunarfélags. Það er því óumflýjanlegt að Árborg verður áfram eftirsóknarverður staður til búsetu og athafna.

Fjárfestingar fyrir samfélagið

Miklar fjárfestingar Svf. Árborgar eru bein afleiðing af örum vexti, enda var íbúafjöldun frá ársbyrjun 2017 orðin 23,3% í byrjun árs 2021. Fjárfestingarnar sem ráðist hefur verið í eru að mestu leyti af samfélagslegum toga og má þar nefna skóla, leikskóla og íþróttahús. Stærð sveitarfélagsins og umsvifa þess er nú orðin slík að Lánasjóður sveitarfélaga getur ekki lengur fjármagnað allar lántökur Svf. Árborgar, sem er þar með komið í hóp fleiri stórra sveitarfélaga, þar sem Reykjavíkurborg er fremst í flokki.

Áfram verða miklar fjárfestingar hjá sveitarfélaginu. Þrátt fyrir að nýr Stekkjaskóli muni rísa á árinu 2022 þarf strax að huga að byggingu fjórða grunnskólans á Selfossi, sem gæti þurft að opna sínar dyr haustið 2025.

Fjármálasvið

Fjármögnun og vegurinn til aukinnar sjálfbærni

Lántökur á frjálsum markaði eru eðlileg ráðstöfun til að bregðast við þeim nýja veruleika sem blasir við sveitarfélaginu. Viðbrögð Svf. Árborgar við þessari stöðu er skuldabréfaútgáfa á markaði þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra skuldabréfaumgjörð, vottaða undir stöðlum Green Bond Principles, Social Bond Principles og Evrópusambandsins. Gera má ráð fyrir að slík skuldabréfaútgáfa verði árlegur viðburður á næstu árum.

Það er einkar ánægjulegt að hefja þessa vegferð Árborgar, við lántökur á frjálsum markaði, með sjálfbærri skuldabréfaumgjörð. Sveitarfélagið er einnig þátttakandi í Framfaravog sveitarfélaga sem er undir alþjóðlegri vottun Social Progress Index (SPI) og byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þessi vegferð ber að sama brunni og ný umhverfisstefna Árborgar og miðar allt að aukinni sjálfbærni og framförum á sviði samfélags og umhverfismála í Árborg.

Hægt verður að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Árborgar, <http://www.arborg.is> eftir að hann hefur verið tekinn til seinni umræðu í bæjarstjórn.